

Reykjavík, 11. apríl 1990

Til heilbrigðis og trygginganefndar
Neðri deild
c/o Þórður Bogason, ritari
Alþingishúsinu v/Austurvölli
101 Reykjavík

Stjórn læknaáðs Landspítalans hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á læknaöögum nr. 53/1988.

Stjórn læknaáðs telur að breytingar þær, sem varða lækningaleyfi og sérfræðileyfi ekki vera til bóta og vísar í því sambandi til greinagerðar frá Læknafélagi Íslands og læknaeild Háskóla Íslands.


Þá telur stjórn læknaáðs að breytingin á 16. grein laganna orki mjög tvímælis og telur raunar að ekki komi til greina að gera lögin þannig afturvirk. Ástæðurnar eru fyrst og fremst þær, að fram á árið 1988 voru sjúkraskrár gerðar til að vera vinnugögn fyrir lækna og aðra sem þurftu að vinna beint að meðferð sjúklinga, því eru í þessum skráum upplýsingar og vangaveltur varðandi sjúklinginn og ástand hans sem alls ekki var reiknað með að kæmu fyrir augu og eyru annarra en þeirra sem önnuðust meðferð.

Þessar skrár eru einnig oft gerðar af læknanemum og kandidötum, sem hafa merkt þær með upphafsstöfum sínum og því er oft á tíðum nær ómögulegt að rekja, hvaðan þessar vangaveltur og upplýsingar eru komnar.

Loks má benda á, að í eldri sjúkraskráum eru oft upplýsingar frá þriðja aðila sem lítt eða ekki eru aðgreindar frá öðrum upplýsingum í sjúkraskránni.

Af fyrrgreindum ástæðum lýsir stjórn læknaáðs Landspítalans sig eindregið andvíga ákvæðinu um að lögin séu gerð afturvirk, og leggur til að þeirri breytingu verði sleppt.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar læknaáðs Landspítalans


Arni Björnsson, formaður